

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan Víðimýrar og Blómsturvalla. Skipulagið gerir ráð fyrir keilum og varnargarði til snjóflóðavarna. Uppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reyðarfirði, 15. júlí 1999.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,
Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna tilkynninga um ný efni.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald vegna tilkynninga um ný efni.

2. gr.

Hollustuvernd ríkisins tekur við tilkynningum um ný efni hér á landi samanber reglugerð nr. 815/1998 um tilkynningaskyldu varðandi ný efni.

Miljöstyrelsen í Danmörku annast úrvinnslu og áhættumat í tengslum við slíka tilkynningu samkvæmt samningi Hollustuverndar ríkisins við Miljöstyrelsen í Danmörku dags. 3. mars 1998. Hollustuvernd ríkisins veitir upplýsingar um samninginn og leiðbeinir um framkvæmd tilkynninga vegna nýrra efna.

Tilkynnandi hins nýja efnis greiðir sérstakt umsýslugjald til Hollustuverndar ríkisins sem standa á straum af kostnaði vegna tilkynningarinnar, samanber gjaldskrá yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.

3. gr.

Gjaldskrá vegna tilkynninga um ný efni er eftirfarandi:

Tegund tilkynningar, samanber tilvísun til greina reglugerðar nr. 815/1998.

*Gjald
danskar kr. (án vsk.)*

Ítarleg tilkynning þ.e. magn ≥ 1 tonn/ári eða yfir 5 tonn alls

sbr. 5. gr. 72.600

Áhættumat fyrir ítarlegri tilkynningu 62.650

Takmörkuð tilkynning sbr. 1. mgr. 6. gr. 13.700

Áhættumat fyrir takmarkaða tilkynningu sbr. 1. mgr. 6. gr. 17.850

Takmörkuð tilkynning sbr. 2. mgr. 6. gr. 4.200

Áhættumat fyrir takmarkaða tilkynningu sbr. 2. mgr. 6. gr. 4.900

Verð uppfærast í samræmi við dönsku verðlagsvísitöluna og reiknast á eftirfarandi hátt:
Verð = taxti samkvæmt töflu x verðlagsvísitala í janúar á reikningsári/verðlagsvísitala í janúar 1995.

Vísitala í janúar 1995 = 293,3 stig.

4. gr.

Gjald vegna tilkynningar skal greitt til Hollustuverndar ríkisins um leið og tilkynningu um nýtt efni er skilað til stofnunarinnar. Heimilt er að fresta umfjöllun um tilkynningu efnis þar til gjald samkvæmt 3. gr. hefur verið innt af hendi.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt vegna sérstakra ástæðna að lækka eða fella niður gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Dalvíkurbyggð.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

2. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

5. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Góðir umgengishættir og hreinlæti á almannafæri.

6. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.